

Innviðaráðuneyð

B.t. þess sem málið varðar

Efni: Stjórnsýslukæra vegna málsmeðferðar sveitafélagsins Fjarðabyggðar á ósk okkar um smölun ágangsfé af landi okkar Óseyri Stöðvarfirði 10. ágúst 2024

Þann 10 ágúst sendum við beiði um smölun ágangsfjár á sveitafélagið Fjarðabyggð. Með beiðninni fóru myndir af ágangsfénu á landinu okkar. Nú eru liðnir 10 dagar frá því að óskað var eftir að ágangsfénu væri smalað og skilað þangað sem það má vera í samræmi við lög. Það liggur fyrir að það þarf að smala eins fljótt og verða má – því skaðinn eykst dag frá degi. Þetta kemur meðal annars fram í úrskurði Innviðaráðuneytisins í máli okkar frá því í apríl á þessu ári.

Ekkert hefur heyrst frá sveitafélaginu annað en staðfesting á því að erindið var mótttekið. Það var fundur hjá bæjarráði mánudaginn 12. ágúst en ekki var erindi okkar tekið fyrir þá. Sendum við ýtrekun á sveitafélagið 15. ágúst með myndum af ágangsfé á landinu okkar, en engin viðbrögð hafa komið frá sveitafélaginu önnur en staðfesting á móttöku bréfsins.

Skyldan til smölunar byggir ekki á ákvörðun sveitarstjórnar heldur ákvörðun Alþingis sem þegar hefur verið tekin. Sveitarstjórn á því ekki að taka ákvörðun um hvort smalað verði heldur eingöngu að rækja hina lögbundnu skyldu og smala ágangsfénu að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í lögunum.

Skilyrðin til að skyldan stofnist eru aðeins tvö. Annarsvegar að ágangsfé sé í landinu og hinsvegar að eigandinn kæri. Rannsókn sveitarfélags á því ekki að lúta að öðru. Hvort ágangsfé sé í landinu er hægt að sanna með ljósmyndum sé þess krafist. Hvort sá sem kærir sé eigandi landsins er hægt að sanna með þinglýsingarvottorði. Á þinglýsingarvottorði ætti einnig að koma fram hvort einhver eigi beitarrétt í landinu.

Allt þetta liggur fyrir hvað okkar beiðini varðar, enda hefur þetta ástand á landinu okkar varað frá 2019 og sveitafélagið því haft nægan tíma til að kanna alla þessa þætti enda ekki í fyrsta skipti sem við óskum eftir smölun.

Bent er á úrskurð innviðaráðuneytisins frá 16. febrúar sl. þar sem fram kemur að sveitarstjórnir mega ekki setja borgurunum frekari skilyrði en fram koma í lögum.

Eðli máls samkvæmt ber sveitarstjórn að smala eins fljótt og auðið er eins og innviðaráðuneytið hefur bent á í úrskurði frá því í apríl sl. Oft er um mikla hagsmuni að ræða og tjónshætta er mikil. Að baki þessum reglum gilda svipuð sjónarmið og ef eldur verður laus og þarf að sjálfsögðu að byrja á því að takmarka tjónið. Þá er augljóst að ekki er hægt að sannreyna hver á ágangsféð fyrr en því hefur verið smalað.

Hér með kærum við meðferð sveitafélagsins Fjarðabyggðar um að a) bregðast ekki hratt við og smala b) smala ekki sauðfé af landi okkar þegar við óskum eftir að slíkt sé gert.

Virðingafyllst,

Ívar Ingimarsson

Hrefna D. Arnardóttir